



Reykjavík 21. febrúar 2019

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
skrifstofa Alþingis  
Austurstræti 8-10

**Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna  
mannvirkjagerða og annarra framkvæmda, 136 . mál**

**Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar**

Undirritaður vill, f.h. stjórnar Slysavarnafélagsins Landsbjargar (SL), veita eftirfarandi umsögn um frumvarp til laga um um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerða og annarra framkvæmda, 136. mál.

**Umsögn**

Stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar fagnar framlagningu þessa frumvarps og hvetur Alþingi eindregið til þess að það hljóti brautargengi og verði að lögum. Með því yrði stigið stórt skref til eflingar allri starfssemi félagasamtaka til almannaheilla.

Frumvarpið mun hafa gríðarleg hagsmunleg áhrif á alla starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar og eininga þess allt í kring um landið verði það að lögum. Björgunarsveitir félagsins eru 93 talsins og slysavarnadeildir þess 36. Flestar þessara eininga eiga eigið húsnæði og í flestum tilvikum deila björgunarsveitir og slysavarnadeildir húsnæði sínu. Húsakostur er í raun eins misjafn og fjöldinn segir til um og víða hafa einingar félagsins gert sér aðstöðu að góðu sem varla telst boðleg starfsseminni. Endurbóta- og viðhaldspörf er því mikil víða og málefnið brýnt. Þá er hægt að nefna mörg dæmi þess þar sem farið hefur verið í nauðsynlegar byggingarframkvæmdir en kostnaður við slíkt gengið svo nærri viðkomandi einingum að ekki hafi verið hægt að klára framkvæmdir eða endurnýja tæki til lengri tíma.

Við könnun á meðal aðildareininga félagsins á dögnum kom í ljós að víða standa framkvæmdir fyrir dyrum, sem falla undir lögin. Heildarkostnaður þeirra verkefna er gróflega áætlaður um eða yfir 700 milljónir króna og á við um framkvæmdir hjá amk. 17 einingum félagsins. Stjórnir nokkurra eininga hafa einnig lýst því yfir að beðið hafi verið með framkvæmdir í von um að frumvarpið nái fram að ganga enda sé þessi breyting lykill að því að hægt sé að ráðast í framkvæmdirnar.

Verði frumvarpið að lögum mun áhrifa laganna gæta mjög fljótlega og ljóst má vera að markmiði þess verði náð með góðum árangri, þ.e. að að félögin eflir starfssemi sína og bæti aðstöðu sína. Það er gömul saga og ný að góð aðstaða eflir starfssemi til muna og er félögum enn frekari hvatning til góðra verka. Þá eru ótalin afleidd áhrif sem nást fram með eflingu iðnaðar og atvinnulífs og mun þetta því líka hafa mjög jákvæð áhrif víða um land og er því í raun mótvægisáðgerð við neikvæða byggðapróun til margra ára.

Það er einlæg von Slysavarnafélagsins Landsbjargar að frumvarpið verði að lögum og vill stjórn félagsins hvetja sérstaklega til þess að svo verði. Fulltrúar félagsins eru tilbúnir að mæta til fundar við Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til frekari viðræðna og upplýsingagjafar verði eftir því óskað.

Virðingarfyllt  
Slysavarnafélagið Landsbjörg



Jón Svanberg Hjartarson  
framkvæmdastjóri



**SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG**